

# 295. fundur Skólanefndar FS

## 12. maí 2009



**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Hjálmar Árnason, Fanney D. Halldórsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ægir Karl Ægisson, Sigfús Jóhann Árnason og María Magnúsdóttir, Ólafur Jón Arnbjörnsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Fisktækniskólinn í Grindavík og raungreinabúðir.
  2. Kennararáðningar.
  3. Lok annar.
  4. Önnur mál.

### 1. Fisktækniskólinn í Grindavík og raungreinabúðir.

Ólafur Jón sagði frá stöðu mála varðandi stofnun Fisktækniskólans í Grindavík og raungreinabúða. Verið er að vinna að fjármögnun raungreinabúðanna en mikill áhugi er fyrir verkefninu erlendis. Skólanefnd samþykkir að halda áfram með verkefnið á meðan unnið er að fjármögnun. Ýmsir hagsmunaaðilar hafa sýnt áhuga á að leggja fjármagn til Fisktækniskólans en viðræður við ríkisvaldið hafa frestast vegna óvissu í ríkisfjármálum. Ólafur Jón lýsti áhuga sínum á að vera í launalausum leyfi frá skólanum næsta vetur til að ljúka þessum verkefnum. Skólanefnd styður verkefnið eindregið og samþykkir fyrir sitt leyti að Ólafur Jón fái leyfi næsta skólaár en menntamálaráðherra tekur endanlega ákvörðun um veitingu leyfis. Skólanefnd samþykkir að veiðarfæradeild verði flutt til Fisktækniskólans og skólinn leggi til ½ laun kennara við deildina til 1. ágúst 2010. Nefndin veitir formanni og skólameistara umboð til að undirrita samning þar að lútandi.

### 2. Kennararáðningar.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi kennararáðningar. Auglýsa þarf eftir kennurum í dönsku og raungreinum.

### 3. Lok annar.


Útskrift verður 23. maí en tæplega 80 nemendur útskrifast að þessu sinni. Innritun fyrir næstu önn lýkur 11. júní.

### 4. Önnur mál.

a) Rætt um samvinnu skólans við Keili og Miðstöð símenntunar. Þegar er búið að funda og búið er að skipuleggja framhald á þeirri samvinnu.

- b) Skólanefnd óskar nemendum til hamingju með góðan árangur í ræðu- og spurningakeppnum framhaldsskóla í vetur.
- c) Skólameistari sagði frá viðræðum við Reykjanesbæ um leigu á íþróttastöðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari